

XV. PUNKTUR

95

Punktur er settur á eftir málgreinum og ígildum þeirra nema þar komi komma, semikomma, spurningarkerki, tvípunktur, upphrópunarkerki eða úrfellingarpunktur.

Ég geng alltaf í vinnuna.
Réttu mér bollann.
Jón hafði ekki hugmynd um hvort hún hefði komið.
Mörður hét maður er kallaður var gígja. Hann var sonur Sighvats hins rauða.
Hann bjó á Velli á Rangárvöllum.
Fyrirtækið sérhæfir sig í að merkja handklæði og peysur. Einnig húfur.
Fór í vinnuna. Ekkert sérstakt gerðist. Helgi hringdi eftir kvöldmat.

Ég geng alltaf í vinnuna, ég á ekki bíl.
Ég geng alltaf í vinnuna; ég á ekki bíl.
Gengur þú alltaf í vinnuna? Já.
Eftirtaldir tóku til máls:
Réttu mér bollann!
Jón hafði ekki hugmynd ...

96

Ef málgrein eða málgreinarígildi eru titlar eða fyrirsagnir er punkti sleppt.

Vonskuveður á Vestfjörðum
Offramleiðsla ógnar afkomu
Adda lærir að synda

97

Punktur er settur á eftir raðtölustaf nema við skástrik.

Guðrún er í 2. bekk.
Á 16. blaðsíðu hefst 3. kafli.
Á XVI. blaðsíðu hefst III. kafli.
Hann fæddist 19. febrúar.
Hann verður fjarverandi 6., 7., 8. og 9. mánuð ársins.
Ætli Kristján X. og Hinrik VIII. hafi verið skyldir?

5/6 (fimm sjöttu eða fimmti sjötti)

98

Punktur eru að jafnaði notaðir í skammstöfunum. Meginreglan er sú að nota einn punkt fyrir hvert skammstafað orð.

a.m.k. (að minnsta kosti)
o.fl. (og fleiri)
t.d. (til dæmis)
hr. (herra)
ehf. (einkahlutafélag)
ath. (athuga)
sl. (sleppa; síðastliðinn)
nk. (næstkomandi)
n.k. (nokkurs konar)
m.a.s. (meira að segja)
b.t. (berist til)
o.s.frv. (og svo framvegis)

Athuga að stafbil eru nauðsynleg í skammstöfuninni *þ. á m.* (þar á meðal) því að *á* er ekki skammstafað orð.

Ekki er haft stafbil milli tveggja skammstafaðra orða nema aftan við skammstöfun sem er tveir eða fleiri stafir og milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining.

f.Kr.
B.Ed.
cand. med.
ef. ft.
hr. Jón Kr. Jóh.
það er t.d. a.m.k. þannig hér
o.fl. o.fl.

Ekki er notaður punktur í skammstöfun samsetts orðs ef síðari eða síðasti hluti þess er ekki skammstafaður.

Rvík (en Reykjav., Rv.)
Khöfn (en Kaupmannah., Kmh.)

Vélin flaug til Khafnar í dag. • Hann fór til Rvíkur í gær.

Ekki er settur punktur á eftir skammstöfunum í metrakerfinu né skammstöfuðum heitum frumefna og ýmsum öðrum skammstöfuðum heitum og mælieiningum í efna- og eðlisfræði.

cm (sentimetri) • H (vetni) • hl (hektólítri) • Hz (herts) • kg (kíló) • l (lítri) • M (mega) • m (metri) • MHz (megaherts) • mm (millimetri) • Na (natríum) • Pa (paskal) • V (volt) • W (vatt)

Ekki er hafður punktur í skammstöfunum sem eru ritaðar með upphafsstöfum nema þegar mannaöfn eru skammstöfuð að hluta til.

HÍ (Háskóli Íslands) • ÍR (Íþróttafélag Reykjavíkur) • MA (Menntaskólinn á Akureyri) • BSRB (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja) • KR (Knattspyrnufélag Reykjavíkur) • DO (Davíð Oddsson) • SPRON (Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis) • NATO (North Atlantic Treaty Organization)

Áslaug G. Bjarnadóttir • Jón B. Jónsson • Þórir Kr. Þórðarson

99

Þegar málsgrein endar á skammstöfun eða raðtölu á ekki að bæta við öðrum punkti.

Hann greiddi henni 100 kr.
Þetta gerðist einhvern tíma í febrúar, annaðhvort 21. eða 22.
Elísabet I. var dóttir Hinriks VIII.

Hún keypti mat fyrir 100 kr.: mjólk og jógúrt.
Hún fékk 100 kr.; peningurinn fór í mat.
Var Elísabet I. dóttir Hinriks VIII.?

100

Notaður er punktur til að greina að þúsund í tölum (þó aldrei í ártölum). Þá er settur punktur framan við þriðja tölusæti frá hægri og síðan á þriggja sæta fresti.

Kílóíð kostar 1.995,- kr.
14.000 manns rituðu nafn sitt á undirskriftarlistann.
Íbúar Danmerkur eru fleiri en 5 milljónir (5.387.174 árið 2003).
Sólin er að meðaltali 149.500.000 km frá jörðu.

Einnig tíðkast að taka tölustafina í heiltöluhlutanum saman þrjá og þrjá, talið frá hægri, og hafa autt bil á milli.

Sólin er að meðaltali 149 500 000 km frá jörðu.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.